RÍKISENDURSKOÐUN

# Fangelsismálastofnun

## Ársreikningur 2011

Fangelsismálastofnun
Borgartún 7
Reykjavík
400189-2029

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings ........ 3

Áritun endurskoðenda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymi ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fangelsismálastofnun ríkisins er stjórnsýslustofnun sem fer með daglegan rekstur fangelsismála í umboði ráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 49/2005. Í þeim lögum segir að fangelsismálastofnun sjái um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða settum samkvæmt þeim. Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa, annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið og gert að sæta eftirliti, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar, sér um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og heldur utan um tölulegar upplýsingar á sviði stofnunarinnar.

Á árinu 2011 var 68,0 m.kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 96,2 m.kr., skuldir 29,4 m.kr. og eigið fé um 66,8 m.kr. í árslok 2011.

Forstjóri og fjármálastjóri staðfesta hér með ársreikning Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, júní 2012

Páll Egill Winkel,
forstjóri.

Jakob Magnússon,
fjármálastjóri.

# Áritun ríkisendurskoðanda

Til Fangelsismálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Fangelsismálastofnunar ríkisins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Við erum ábyrgir fyrir því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilaenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir.
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar í ársreikningi.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fangelsismálarstofnunar á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 29. júní 2012

Sveinn Arason

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

# Rekstrarreikningur árið 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Sértekjur | 1 | 112.740.486 | 108.130.976 |
| | | 112.740.486 | 108.130.976 |
| **Gjöld** | | | |
| Vörukaup | | 65.304.202 | 72.246.480 |
| Launagjöld og starfsmannakostnaður | 2 | 949.699.896 | 837.410.191 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 3 | 16.857.286 | 17.501.868 |
| Funda- og ferðakostnaður | 4 | 18.118.082 | 13.871.087 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 5 | 29.446.020 | 28.908.488 |
| Rekstur tækja og áhalda | 6 | 10.429.884 | 13.864.721 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 190.936.279 | 209.366.540 |
| Húsnæðiskostnaður | 8 | 93.051.783 | 90.953.703 |
| Bifreiðarekstur | 9 | 10.621.637 | 11.389.582 |
| | | 1.384.465.069 | 1.295.512.660 |
| Eignakaup | 10 | 26.305.716 | 42.036.586 |
| | | 1.410.770.785 | 1.337.549.246 |
| **Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur** | | (1.298.030.299) | ( 1.229.418.270) |
| Fjármunatekjur | 11 | 140.456 | 374.933 |
| **Tekjuhalli fyrir ríkisframlag** | | (1.297.889.843) | ( 1.229.043.337) |
| Ríkisframlag | | 1.229.900.000 | 1.282.900.000 |
| **(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins** | | ( 67.989.843) | 53.856.663 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 42.001.937 | 28.292.209 |
| Ríkissjóður | 13 | 32.012.899 | 122.435.150 |
| Viðskiptakröfur | | 5.995.482 | 9.304.113 |
| Handbært fé | 12 | 16.148.617 | 12.497.662 |
| **Veltufjármunir** | | 96.158.935 | 172.529.134 |
| **Eignir alls** | | 96.158.935 | 172.529.134 |

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| **Höfuðstóll:** | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 123.198.446 | 69.341.783 |
| (Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins | | ( 67.989.843) | 53.856.663 |
| **Höfuðstóll** | | 55.208.603 | 123.198.446 |
| **Annað eigið fé** | | | |
| Framlag til eignamyndunar | | 11.576.348 | 11.576.348 |
| **Annað eigið fé** | | 11.576.348 | 11.576.348 |
| **Eigið fé** | 14 | 66.784.951 | 134.774.794 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 29.373.984 | 37.754.340 |
| **Skuldir** | | 29.373.984 | 37.754.340 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 96.158.935 | 172.529.134 |

# Sjóðstreymi árið 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| ***Veltufé frá rekstri:*** | | | |
| (Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins | | ( 67.989.843) | 53.856.663 |
| ***Veltufé frá rekstri*** | | ( 67.989.843) | 53.856.663 |
| ***Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:*** | | | |
| Birgðir lækkun/(hækkun) | | ( 13.709.728) | ( 1.639.841) |
| Skammtímakröfur lækkun/(hækkun) | | 3.308.631 | ( 499.422) |
| Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun | | ( 8.380.356) | 3.109.369 |
| | | ( 18.781.453) | 970.106 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | ( 86.771.296) | 54.826.769 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| ***Breyting á stöðu við ríkissjóð*** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | | (1.229.900.000) | (1.282.900.000) |
| Greitt úr ríkissjóði | | 1.320.322.251 | 1.224.748.739 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | 90.422.251 | ( 58.151.261) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 3.650.955 | ( 3.324.492) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 12.497.662 | 15.822.154 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 16.148.617 | 12.497.662 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur embættis Fangelsismálastofnunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatt.

### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast embættinu.

### Starfsþáttagreining

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni sem falla að skipulagi hennar og er kostnaði skipt á einstök viðfangsefni.

### Vörubirgðir

Vörubirgðir eru færðar upp samkvæmt talningum í fangelsunum að Litla-Hrauni og á Kvíabryggju. Vörubirgðir eru hvort tveggja fullunnar vörur og hráefni.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankareikningum.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

# Skýringar

## Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

## Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 1.197,1 m.kr. Fjárheimild ársins hækkaði á árinu um 32,8 m.kr. við millifærslu launabóta .

Rekstrargjöld ársins 2011, að frádregnum sértekjum námu samtals 1.297,9 m.kr. sem er 68,0 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

| **Í þús. kr.** | **Fjárlög** | **Fjárheimild** | **Reikningur** | **Frávik** |
|---|---|---|---|---|
| Sértekjur | ( 81.000 ) | ( 81.000 ) | ( 113.283 ) | 32.283 |
| Laun og launatengd gjöld | 800.800 | 833.600 | 949.700 | ( 116.100 ) |
| Önnur rekstrargjöld | 445.800 | 445.800 | 431.737 | 14.063 |
| Tilfærslur | 18.500 | 18.500 | 2.931 | 15.569 |
| | 1.184.100 | 1.216.900 | 1.271.084 | ( 54.184 ) |
| Stofnkostnaður | 13.000 | 13.000 | 26.806 | ( 13.806 ) |
| | 1.197.100 | 1.229.900 | 1.297.890 | ( 67.990 ) |

## Starfsþáttagreining

Rekstrarreikningur ársins 2011 sundurliðaður eftir sviðum:

| | Þús. kr. | Hlutfall % |
|---|---|---|
| Yfirstjórn Fangelsismálastofnunar | 167.769 | 11,9% |
| Fangelsi höfuðborgarsvæðisins. | 256.558 | 18,2% |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 650.860 | 46,1% |
| Bitra | 126.158 | 8,9% |
| Fangelsið Kvíabryggju | 117.824 | 8,3% |
| Fangelsið Akureyri | 66.979 | 4,7% |
| Fangahjálp, Fangavarðaskólinn og fleira | 25.026 | 1,8% |
| | 1.411.173 | 100,0% |

# Skýringar

## Sundurliðanir

### 1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar hækkuðu um 5,2 m.kr. milli ára eða 4,8%. Mest var hækkun eða um 2,2 m.kr. á Kvíabryggju. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta vinna fanga á Bitru við viðhald, skógrækt og önnur verkefni.

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu | 9.862.718 | 9.493.985 |
| Litla-Hraun | 90.308.244 | 89.542.416 |
| Kvíabryggja | 8.106.109 | 5.874.864 |
| Aðrar tekjur | 5.006.427 | 3.219.711 |
| | 113.283.498 | 108.130.976 |

### 2. Launagjöld og starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 112,3 m.kr. eða 13,4% frá fyrra ári en að teknu tilliti til fjölgunar ársverka var 5,5% hækkun á launakostnaði. Ársverk voru 134 á árinu en 127 á árinu 2010. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

| | | |
|---|---|---|
| Dagvinna | 487.993.005 | 433.351.842 |
| Yfirvinna | 159.197.259 | 142.416.027 |
| Vaktaálag | 93.262.381 | 82.424.880 |
| Aukagreiðslur | 17.708.102 | 10.657.334 |
| Launatengd gjöld | 187.729.707 | 165.617.332 |
| Starfsmannakostnaður | 3.809.442 | 2.942.776 |
| | 949.699.896 | 837.410.191 |

# Skýringar

## 3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkaði um 0,6 m.kr. á milli ára eða 3,7%. Um 2,5 m.kr. hækkun var á liðnum útgáfustarfsemi og afnotagjöld sem skýrist einkum af notendaleyfum.

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Símagjöld | 4.789.594 | 5.474.641 |
| Útgáfustarfsemi og afnotagjöld | 6.288.232 | 3.729.682 |
| Burðargjöld | 1.466.231 | 1.781.560 |
| Tímarit, blöð og bækur | 1.476.791 | 1.790.962 |
| Skrifstofuvörur | 2.341.949 | 4.416.687 |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 494.489 | 308.336 |
| | 16.857.286 | 17.501.868 |

## 4. Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður hækkaði um 4,2 m.kr. á milli ára eða 30,6%. Mest var hækkun eða um 2,3 m.kr. á ferða- og dvalarkostnaði innanlands sem skýrist að stærstum hluta af dagpeningagreiðslum til nemenda við Fangavarðaskólann. Annar funda- og ferðakostnaður er aðallega vegna fundar norrænna fangelsismálastjóra hér á landi á árinu.

| | | |
|---|---|---|
| Ferða- og dvalarkostnaður innanlands | 3.468.722 | 1.171.679 |
| Ferða- og dvalarkostnaður erlendis | 3.093.738 | 2.497.729 |
| Fundir, ráðstefnur og námskeið | 672.312 | 494.419 |
| Akstur | 9.568.640 | 9.395.386 |
| Annar funda- og ferðakostnaður | 1.314.670 | 311.874 |
| | 18.118.082 | 13.871.087 |

## 5. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta hækkaði um 0,5 m.kr. á milli ára eða 1,9%. Um 1,4 m.kr. hækkun var á aðkeyptri tölvu- og kerfisfræðiþjónustu sem annars vegar felst í forritun á fullnustukerfi FMS og hinsvegar í undirbúningi á rafrænu eftirliti.

| | | |
|---|---|---|
| Vistun fanga utan fangelsa | 19.431.234 | 20.896.497 |
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta | 3.096.548 | 1.743.682 |
| Rannsóknarstofuþjónusta | 4.286.184 | 3.723.783 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 2.632.054 | 2.544.526 |
| | 29.446.020 | 28.908.488 |

# Skýringar

## 6. Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður við rekstur tækja og áhalda lækkaði um 3,4 m.kr. á milli ára eða 24,8%. Kostnaðurinn er breytilegur á milli ára og skýrist lækkunin einkum af miklu viðhaldi og viðgerðum á öryggiskerfum á árinu 2010.

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Smátæki og áhöld | 5.957.519 | 8.945.481 |
| Viðgerðir og viðhald | 3.126.859 | 3.072.169 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 467.401 | 1.039.494 |
| Uppsetning á netbúnaði | 33.989 | 345.943 |
| Annar rekstarkostnaður tækja og áhalda | 844.116 | 461.634 |
| | 10.429.884 | 13.864.721 |

## 7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður lækkaði um 18,4 m.kr. á milli ára eða 8,8% sem skýrist einkum af minni kostnaði vegna matvæla. Um 2,2 m.kr. hækkun var milli ára á kostnaði vegna tilfærslna. Meðal annars kostnaðar vegur þyngst 1,3 m.kr. kostnaður vegna hreinsunar.

| | | |
|---|---|---|
| Máltíðir | 59.633.787 | 96.204.898 |
| Matvæli | 36.380.479 | 19.210.487 |
| Rekstrarvörur | 12.908.253 | 14.123.934 |
| Vinnufatnaður og fatafé | 9.415.987 | 11.234.888 |
| Greiðslur til fanga | 58.525.882 | 60.171.772 |
| Tilfærslur | 2.930.735 | 730.000 |
| Sameiginleg þjónusta | 3.686.408 | 2.059.440 |
| Véla- og tækjaleiga | 2.665.372 | 1.134.602 |
| Annar kostnaður | 4.789.376 | 4.496.519 |
| | 190.936.279 | 209.366.540 |

## 8. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 2,1 m.kr. eða 2,3% á milli ára. Hér vegur þyngst hækkun orkukostnaðar.

| | | |
|---|---|---|
| Leigugjöld | 23.032.626 | 22.384.830 |
| Orka | 18.856.123 | 17.319.938 |
| Viðhald fasteigna og innréttingar | 22.341.106 | 24.217.549 |
| Fasteignagjöld | 13.005.909 | 12.059.317 |
| Þrif og sorphirða | 7.252.777 | 6.618.938 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 8.563.242 | 8.353.131 |
| | 93.051.783 | 90.953.703 |

# Skýringar

## 9. Bifreiðarekstur

Kostnaður við rekstur bifreiða lækkaði um 0,8 m.kr. milli ára eða um 6,7%. Stofnunin á og rekur 12 bifreiðar, þar af eru tvær hjá Fangelsismálastofnun, ein hjá Fangelsinu á höfuðborgarsvæðinu, fimm á Litla-Hrauni, ein á Kvíabryggju, ein í Fangelsinu Akureyri og ein á Bitru.

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Bensín og olía | 5.321.946 | 6.200.275 |
| Opinber gjöld og tryggingar | 1.601.827 | 1.656.192 |
| Viðgerðir og viðhald | 2.378.565 | 1.926.540 |
| Annar bifreiðakostnaður | 1.319.299 | 1.606.575 |
| | 10.621.637 | 11.389.582 |

## 10. Eignakaup

Eignakaup lækkuðu um 15,7 m.kr. á milli ára eða 37,4%. Lækkun frá fyrra ári skýrist einkum af því að á árinu 2010 var keypt bifreið og ýmiskonar öryggisbúnaður var settur upp bæði á Litla Hrauni og Bitru.

| | | |
|---|---|---|
| Bifreiðar | 0 | 6.250.000 |
| Tölvubúnaður | 2.631.976 | 4.169.902 |
| Húsgögn | 2.182.383 | 2.785.332 |
| Endurbætur og ýmis eignakaup | 12.331.107 | 20.433.792 |
| Önnur tæki og búnaður | 8.310.250 | 8.397.560 |
| | 26.305.716 | 42.036.586 |

# Skýringar

## 11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 543.012 | 740.671 |
| Vaxtagjöld | ( 296.240) | ( 235.187) |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 106.316) | ( 130.551) |
| | 140.456 | 374.933 |

**Annað**

## 12. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Sjóður | 276.782 | 164.836 |
| Bankainnstæður | 15.871.835 | 12.332.826 |
| | 16.148.617 | 12.497.662 |

## 13. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Fangelsismálastofnunar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2011 nam inneign stofnunarinnar við ríkissjóð 32,0 m.kr. og hafði staða gagnvart ríkissjóði því versnað um 90,4 m.kr. á árinu.

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar | 122.435.150 |
| Greiðslur | (1.345.209.373) |
| Millifærslur | 24.887.122 |
| Ríkisframlag | 1.229.900.000 |
| Staða 31. desember | 32.012.899 |

## 14. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2011 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar uppsafnaðan tekjuafgang sem nemur 55,2 m.kr. Að auki nemur bundið eigið fé 11,6 m.kr. þannig að í heild nemur eigið fé 66,8 m.kr.

**Höfuðstóll:**

| | |
|---|---|
| Höfuðstóll 1. janúar 2011 | 123.198.446 |
| Tekjuhalli fyrir ríkisframlag | (1.297.889.843) |
| Ríkisframlag | 1.229.900.000 |
| Höfuðstóll 31. desember 2011 | 55.208.603 |

**Annað eigið fé:**

| | |
|---|---|
| Framlag til eignamyndunar 1. janúar 2011 | 11.576.348 |
| Annað eigið fé 31. desember 2011 | 11.576.348 |
| Eigið fé alls | 66.784.951 |

# Skýringar

## Kennitölur

### Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur ............... | 112.880 | 108.505 | 114.689 | 109.625 | 76.601 |
| Rekstrargjöld ................ | ( 1.384.465) | ( 1.295.513) | ( 1.184.897) | ( 1.204.160) | ( 1.001.394) |
| Eignakaup ...................... | ( 26.306) | ( 42.037) | ( 25.543) | ( 16.275) | ( 19.354) |
| Tekjuafgangur | ( 1.297.891) | ( 1.229.045) | ( 1.095.751) | ( 1.110.810) | ( 944.147) |
| Ríkisframlag .................. | 1.229.900 | 1.282.900 | 1.141.200 | 1.060.400 | 923.200 |
| Tekjuafgangur ársins | ( 67.991) | 53.855 | 45.449 | ( 50.410) | ( 20.947) |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Veltufjármunir ............. | 96.159 | 172.529 | 115.563 | 61.583 | 120.174 |
| Eignir alls | 96.159 | 172.529 | 115.563 | 61.583 | 120.174 |
| | | | | | |
| Höfuðstóll ..................... | 66.784 | 134.774 | 80.918 | 35.469 | 85.878 |
| Skammtímaskuldir ....... | 29.374 | 37.754 | 34.645 | 26.114 | 34.296 |
| Eigið fé og skuldir alls | 96.158 | 172.528 | 115.563 | 61.583 | 120.174 |